

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/70/EB

2008/EES/35/02

frá 27. janúar 2005

um breytingu á tilskipun 2002/70/EB um kröfur við ákvörðun á magni díoxína og PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/373/EBE frá 20. júlí 1970 um að taka upp í Bandalaginu aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/70/EB frá 26. júlí 2002 um kröfur við ákvörðun á magni díoxína og PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í fóðri ⁽²⁾ er mælt fyrir um sérákvæði um greiningaraðferðir sem nota skal við opinbert eftirlit sem kveðið er á um í tilskipun 70/373/EBE.
- 2) Við opinbert eftirlit með magni díoxína og ákvörðun PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í tilteknu fóðri verður að nota sýnatökuáferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 76/371/EBE frá 1. mars 1976 um aðferðir Bandalagsins við sýnatöku vegna opinbers eftirlits með fóðri ⁽³⁾. Rétt er að taka fram að í tengslum við eftirlit með efnum eða afurðum, sem eru jafndreifð í öllu fóðrinu, skal fara að megindegum kröfum.
- 3) Afar mikilvægt er að gæta samræmis í tilkynningu og túlkun á niðurstöðum greininga til að tryggja samræmda framkvæmd í öllum aðildarríkjum.
- 4) Því ber að breyta tilskipun 2002/70/EB til samræmis við þetta.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukunum við tilskipun 2002/70/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvör-unartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2005 frá 30. september 2005 um breytingu á 1. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 22.12.2005, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 170, 3.8.1970, bls. 2. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtuð. EB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 209, 6.8.2002, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 102, 15.4.1976, bls. 1.

VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 2002/70/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

„1. **Tilgangur og gildissvið**

Sýni, sem eru ætluð til opinbers eftirlits með magni díoxína (PCDD/PCDF), svo og til að ákvarða magn PCB-efna, sem líkjast díoxíni (*), í fóðri, skulu tekin í samræmi við ákvæði tilskipunar 76/371/EBE. Megindlegum kröfum í tengslum við eftirlit með efnum eða afurðum, sem eru jafndreifð í öllu fóðrinu, eins og kveðið er á um í lið 5.A í viðaukanum við tilskipun 76/371/EBE, skal fullnægt. Safnsýni, tekin á þann hátt, skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueiningar eða framleiðsluhlutana sem þau eru tekin úr. Á grundvelli þess styrks sem finnst í rannsóknarsýnum skal skera úr um það hvort farið er að ákvæðum um hámarksgildi sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB (**).

2. **Samræmi framleiðslueiningar eða framleiðsluhluta við forskriftir**

Framleiðslueiningin er samþykkt ef niðurstöður einnar efnagreiningar eru ekki hærrí en viðkomandi hámarksgildi sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/32/EB, að teknu tilliti til mælióvissu.

Framleiðslueiningin er ekki í samræmi við það hámarksgildi, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/32/EB, ef niðurstöður efnagreiningarinnar, sem er staðfest með tvöfaldrí efnagreiningu og reiknuð sem meðaltal a.m.k. tveggja ákvarðana, eru án vafa hærrí en hámarksgildið, að teknu tilliti til mælióvissu.

Hægt er að taka tillit til mælióvissu samkvæmt einni eftirfarandi aðferða:

- með því að reikna útvíkkaða mælióvissu og nota þekjustuðulinn 2 sem gefur u.þ.b. 95% öryggisstig,
- með því að setja ákvörðunarmörk (CCα) í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB (***) (liður 3.1.2.5 í viðaukanum — þegar um er að ræða efni með ákvarðað, leyfilegt hámarksgildi).

Þessar tülkunarreglur gilda um niðurstöður efnagreiningar á sýnum sem tekin eru við opinbert eftirlit. Þær hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til þess að beita innlendum reglum um greiningar sem eru gerðar með tilliti til verslunarverndar eða úrskurðarmála, sbr. 18. gr. tilskipunar 95/53 (****).

(*) Tafla yfir PCB-efni sem líkjast díoxíni

Efnamyndir	TEF-gildi	Efnamyndir	TEF-gildi
Díbensó-p-díoxín („PCDD“)		OCDF	0,0001
2,3,7,8-TCDD	1	PCB-efni, sem líkjast díoxíni: PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni + ein-ortó-PCB-efni	
1,2,3,7,8-PeCDD	1		
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1		
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	PCB 77	0,0001
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	PCB 81	0,0001
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01	PCB 126	0,1
OCDD	0,0001	PCB 169	0,01
Díbensófúrón („PCDF“)		Ein-ortó-PCB-efni	
2,3,7,8-TCDF	0,1	PCB 105	0,0001
1,2,3,7,8-PeCDF	0,05	PCB 114	0,0005
2,3,4,7,8-PeCDF	0,5	PCB 118	0,0001
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1	PCB 123	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 156	0,0005
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1	PCB 157	0,0005
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 167	0,00001
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01	PCB 189	0,0001
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01		

Skammstafanir: „T“ = tetra, „Pe“ = penta, „Hx“ = hexa, „Hp“ = hepta, „O“ = okta, „CDD“ = klórdíbensó-p-díoxín, „CDF“ = klórdíbensófúrón, „CB“ = klórbífenýl.

(**) (Stjúd. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

(***) (Stjúd. EB L 221, 17.8.2002, bls. 8.

(****) (Stjúd. EB L 265, 8.11.1995, bls. 17.“

- 2) Í II. viðauka bætist eftirfarandi málsgrein við aftast í 2. lið, Bakgrunnur:

„Einungis í þessari tilskipun er gengið út frá því að viðurkennd mogngreiningarmörk einstakra efnamynda svari til styrks greiningarefnis í útdráttarlausn sýnis sem kallar fram mælissvörun fyrir tvær mismunandi jónir, sem eru til rannsóknar og þar sem hlutfall milli merkis og suðs er 3:1 fyrir það merki sem er síður næmt og sem uppfyllir grunnkröfur, um t.d. rástíma og hlutfall samsætna, í samræmi við ákvörðunaraðferðina sem er lýst í aðferð Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (EPA) nr. 1613, endurskoðun B.“
